

Fyrsti fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga b.s. haldinn 22. janúar 2013 kl. 13:00 á skrifstofu Hveragerðisbæjar.

Mætt: Ari B. Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveinn Steinarsson og Drífa Kristjánsdóttir.

Boðuð dagskrá:

1. Kosning ritara.
2. Lánamál Listasafns.
3. Samþykktir stofnanna héraðsnefndar.
4. Önnur mál (starfið framundan)

1. Kosning ritara framkvæmdastjórnarinnar:

Drífa Kristjánsdóttir var kosin ritari stjórnar. Hún tók að sér að kaupa fundargerðarbók svo hægt sé að fara að reglum við skráningu fundargerða.

2. Lánamál Listasafns Árneseinga.

Öll sveitarfélögin nema tvö hafa nú þegar samþykkt lántökuheimild fyrir Listasafnið.

Samþykkt þeirra tveggja sem eftir eru, er væntanleg á næstu dögum. Formanni falið að ganga frá samningum við Lánasjóð sveitarfélaga þegar samþykki allra liggur fyrir. Lögð var áhersla á að lánskjör yrðu sem hagstæðust en ákveðið hefur verið að nýtt lán verði notað til að greiða upp óhagstætt gamalt lán sem hefur verið íþyngjandi fyrir Listasafnið. Umræða varð um lántöku sveitarfélaganna, við kaup á húsnæði Brunavarna Árneseyslu í Árborg, en það þarf sennilega að fara fram á samskonar hátt og vegna Listasafnsins.

3. Erindisbréf fyrir fagráðin:

Samþykkt var að vinna að því að gera erindisbréf fyrir öll fagráðin, og að tillaga að erindisbréfum verði tilbúin fyrir vorfund Héraðsnefndarinnar. Einnig þarf að huga að öðrum verkefnum sem samþykktir Héraðsnefndar Árneseinga bs. hafa falið framkvæmdastjórn að gera. Ákveðið var að stefna að því að heimsækja allar stofnanir Héraðsnefndarinnar og að eiga samtalið við stjórnendur og starfsfólk. Formaður kynnti að hann hefði sent fundargerð aukaaðalfundar Héraðsnefndarinnar á alla stjórnendur stofnana. Ákveðið var að formenn fagráða kalli eftir erindisbréfum og ráðningasamningum þeirra stofnana sem þeir eru formenn fyrir. Ákveðið var að senda fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga b.s. til kynningar til sveitarfélaganna jafnóðum og þær hafa verið samþykktar af stjórninni.

4. Önnur mál:

A. Alviðra.

Formaður sagði frá vinnu sem átti sér stað hjá fráfarandi stjórn varðandi eignir Héraðsnefndarinnar í jörðunum Alviðru og Öndverðarnesi. Miklar kvaðir eru á þessum eignum og hefur stjórnin verið að leita leiða til að losna undan kvöðunum. Landvernd á helming á móti Héraðsnefndinni í Alviðru og Öndverðarnesi. Nauðsynlegt er að fá fram afstöðu Landverndar varðandi framtíð Alviðru.

B. Fundir framundan:

Samþykkt var að halda vörfund Héraðsnefndarinnar þann 8. maí n.k. Fundir framkvæmdastjórnar verða haldnir að jafnaði á tveggja mánaða fresti. Stjórnin ákvað að á næstu vikum verði fundað hjá hverri fagnefnd fyrir sig og í framhaldi af því ætlar stjórnin að heimsækja allar stofnanir sem heyra undir Héraðsnefndina. Farið verður þann 27. febrúar n.k. Fyrst verði haldið í Héraðsskjalasafnið, síðan í Tónlistarskólann og Brunavarnir. Stjórnarfundur verður svo haldinn í hádeginu. Því næst verði haldið á Eyrarbakka í Byggðasafnið og að lokum í Hveragerði á Listasafnið. Klukkutími á hverjum stað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15.

Ari B. Thorarensen

Aldís Hafsteinsdóttir

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sveinn Steinarsson

Drífa Kristjánsdóttir